

Fréttabréf FFA janúar 2024



Ferðafélag Akureyrar óskar félagsmönnum sínum gleðilegs árs með von um gott ferðaár 2024.

Kynning á skíðaferðum og skíðanámskeiðum hjá FFA verður 11. janúar kl. 20:00

Á ferðaáætlun FFA 2024 kemur fram annað fyrirkomulag skíðagönguferða en verið hefur og mikilvægt að skíðaunnendur kynni sér það. Þetta fyrirkomulag verður kynnt betur á fyrstu ferðakynningu ársins þann 11. janúar kl. 20:00 í húsnæði FFA að Strandgötu 23. Þar verða kynntar nokkrar skíðagönguferðir sem fyrirhugaðar eru í vetur auk tveggja skíðagöngunámskeiða sem skráning er hafin í.

Um að gera að kíkja við og kynna sér þetta betur auk þess að hitta aðra skíðaunnendur og spjalla.

Ferðaáætlun FFA 2024 var birt 1. desember sl. og vonandi hafa félagsmenn kynnt sér hana vel.



Ferðafélag Akureyrar

leitar að skálavörðum til starfa í skálum félagsins í Laugafelli,
Herðubreiðarlindum og Drekgili sumarið 2024.
Við leitum einnig að fólki í veitingasölu í Drekgili.

Tímabil sem um ræðir er frá miðjum júní og fram í september. Leitað er að fólki sem getur unnið stærstan hluta tímabilsins en einnig er möguleiki að ráða í styttri tíma.

Sjá nánar á heimasíðu FFA, ffa.is

Fyrsta ferð ársins var eins og endranær, nýársanga út í óvissuna.

